

Þegar um sendingu í lokuðum gámum er að ræða, skal tilgreina númer og auðkenni gámsins.

Kjótskoðunarlæknir eða fulltrúi hans skal fylgjast með þegar hleðsla fer fram og sjá um að gámar séu innsiglaðir á viðhlítandi hátt, strax og hleðslu er lokið.

Heilbrigðisvottorð skulu samin á ensku eða á þeirri tungu sem innflytjandi óskar eftir. Frekari upplýsingar má tilgreina á vottorðinu teljist það nauðsynlegt eða sé þess óskað.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30, 28. apríl 1966 og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. júní 1983.

Jón Helgason.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á hafnarreglugerð fyrir Landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 52
26. mars 1971.**

1. gr.

3. gr. orðist þannig:

Hafnarstjóri skal ráðinn sem fastur starfsmaður hafnarinnar og skipaður í starfið af ráðherra þeim, sem fer með hafnarmál.

Hafnarstjóri hefur daglegan rekstur hafnarinnar með höndum undir yfirstjórn hafnarstjórnar, svo og framkvæmd einstakra verkefna og samþykka hafnarstjórnar, eftir því sem hún ákveður. Hann situr fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjóri ræður fasta starfsmenn, en samþykki hafnarstjórnar þarf til ráðningar í hverju tilviki.

Hafnarstjórn setur hafnarstjóra starfsreglur starfsreglur, ef þurfa þykir, sem samþykktar skulu af samgönguráðuneytinu.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, nr. 23/1955, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. júní 1983.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.